

Leiðbeiningar vegna heimildaritunar

Vinnuferli

- Um hvað ætlar þú að skrifa?
- Hvað veistu um efnið?
- Hvað viltu vita um efnið?
 - Búðu til rannsóknarspurningar.
- Efnisgrind:
 - Ákveddu kaflaskipti.
 - Raðaðu efnisatriðum í þá röð sem þú vilt hafa þau.
- Finndu heimildir samkvæmt fyrirmælum hverju sinni.
 - Heimildir geta t.d. verið úr tímaritum, bókum, af netinu.
- Lestu heimildir og finndu svar við rannsóknarspurningum og skrifaðu aðalatriðin niður.
 - Gættu þess að aldrei má taka efni úr heimild nema heimildarinnar sé getið.
 - Ef þú þarft að nota efni óbreytt (copy-paste) á að merkja það sérstaklega með gæsalöppum.
- Gerðu fyrstu útgáfu (uppkast) að ritgerðinni.
- Það sem þú þarft að hafa í huga þegar ritgerðin er unnin:
 - Þú ert að skrifa fyrir þann sem veit ekkert um efnið.
 - Hafðu málsgreinar stuttar. Betra er að skipta löngum málsgreinum með punkti en að nota margar samtengdar setningar.
 - Fyrsta efnisgrein í upphafi kafla á ekki að vera inndregin en aðrar efnisgreinar sama kafla eiga að vera það.
 - Mundu eftir greinaskilum.
 - Forðastu endurtekningu.
 - Lestu ritgerðina vel yfir áður en henni er skilað. Gott er að lesa hana upphátt fyrir einhvern því þegar búið er að lesa sömu ritgerðina oft er auðvelt að hlaupa yfir villur.
- Lokafrágangur, skil.

Uppbygging heimildaritgerða

1. Forsíða
2. Efnisyfirlit
3. Inngangur
4. Meginmál
5. Lokaorð
6. Heimildaskrá

Forsíða

Forsíðan skal vera einföld og snyrtileg á sér blaði.

Efst í vinstra horni skal vera skóli og þar fyrir neðan dagsetning. Efst í hægra horni námsgrein og nafn kennara. Í miðju með stærra lettri skal vera heiti ritgerðar (mynd ef vill, ekki skylda). Neðst í hægra horni nafn höfundar og bekkur fyrir neðan nafn.

Efnisyfirlit

Í stærri ritgerðum er gott að hafa efnisyfirlit til að sýna kaflaheiti og blaðsíðutal. Ef gert er efnisyfirlit þarf að gæta að samræmi milli efnisyfirlits og fyrirsagna í ritgerðinni sjálfri.

Inngangur

Gott er að byrja ritgerðina á kveikju þar sem áhugi lesenda á efninu er vakinn. Gera grein fyrir spurningum sem ritgerðin á að svara.

Meginmál

Í meginmáli er spurningum svarað í samfelldu máli. Áhersla er lögð á aðalatriðin samkvæmt markmiðum ritgerðarinnar. Aldrei á að nota kaflafyrirsögnina „meginmál“ í meginmáli.

Lokaorð

Aðalatriði ritgerðarinnar dregin saman í útdrátt. Huga að spurningum sem voru settar fram í inngangi, hefur þeim verið svarað? Í lokaorðum kemur fram niðurstaða og þar er eini staðurinn sem höfundur má setja fram eigin skoðun á efninu.

Heimildaskrá

Hér eru allar heimildir skráðar sem notaðar voru eða stuðst var við. Gæta þarf þess að fara eftir nákvæmum reglum um heimildaskráningu. Heimildaskrá á að vera á sérblaði.

Myndaskrá

Ef þú ert með myndir í ritgerðinni býrð þú til sérstaka myndaskrá og skráir heimildir þar.

Heimildaskráning

- Þegar heimildaritgerð er unnin þarf að skrá allar heimildir sem notaðar eru í heimildaskrá. Heimildunum þarf að raða í stafrófsröð eftir nafni höfunda. Íslenskum höfundum skal raða eftir fornafni en erlendum höfundum eftir ættarnafni.
- Dæmi um heimild (Ólafur Haukur Símonarson, 1999:47). Til þess að ritgerðin verði ekki öll í svigum er best að venja sig á nota neðanmálgreinar, þar sem svigar eru ekki notaðir¹. Bendillinn er settur þar sem greinin á að koma og farið í insert. Þar finnst footnote og síðan skýrir þetta sig sjálft. Tölvun sér svo til þess að neðanmálgreinin lendi alltaf á réttri blaðsíðu og númer greinanna verði í réttri röð.

Neðst á blaðsíðunni myndi heimildin líta svona út:

¹ Ólafur Haukur Símonarson, 1999:47

- Mikilvægt er að setja allar heimildir sem nýttar eru í heimildaskrá.
- Tilgangurinn með heimildaskrá er að sá sem les ritgerðina geti fundið efnið sem stuðst var við.
- Ef myndir eru notaðar í ritgerðum verður að geta heimilda og hafa sérstaka myndaskrá sem er unnin á sama hátt og heimildaskrá.
- Ef ekki er getið heimilda telst það ritstuldur.
- Í Heiðarskóla skal styðjast við bókina *Handbók um ritun og frágang* eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal við vinnslu heimildaskrár og vísa í hana ef nánari upplýsinga er þörf.
 - **Bók eftir einn íslenskan höfund**
Ólafur Haukur Símonarson. 1999. *Gauragangur*. Mál og menning, Reykjavík.
 - **Bók eftir tvo íslenska höfunda**
Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágang*. 6. Útgáfa. Iðunn, Reykjavík.
 - **Bók eftir einn erlendan höfund**
Patterson, James. 2005. *4. júlí*. JPV útgáfa, Reykjavík.
 - **Bók eftir tvo erlenda höfunda**
Olsson, Sören og Jacobsson, Anders. 2002. *Bert og bakteríurnar*. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík.
 - **Höfundar ekki getið**
Gísla saga Súrssonar. 1985. Jóhanna Sveinsdóttir bjó til prentunar. Iðnú, Reykjavík.
 - **Greinasafn**
Hreinn Benediktsson. 1964. „Upptök íslenzks máls.“ *Þættir um íslenzkt mál eftir nokkra íslenzka málfræðinga*, bls. 9-28. Ritstj. Halldór Halldórsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
 - **Orðabækur og orðasöfn**
Svavar Sigmundsson. 2000. *Íslensk samheitaorðabók*. Mál og menning, Reykjavík.
 - **Þýðing**

- Rowntree, Derek. 1983. *Matsatriði. Námsmat og áhrif þess*. Stefán Jökulsson íslenskaði. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- **Ritsöfn og sýnisbækur**
Einar Benediktsson. 1957. „Úr Pétri Gaut.“ *Sýnisbók*, bls. 223-232. Almenna bókafélagið, Reykjavík. ATH
- **Upplýsingar vantar**
Ársæll Sigurðsson. [Án árs]. *Móðurmál* 1. hefti. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- **Heimildir af Netinu**
Náttúrufræðistofnun Íslands. 2010, 25. október. „Dýrafræði.“ Vefslóð: <http://www.ni.is/dyralif/>
- **Tímaritsgrein**
Lifandi vísindi. 2000. „Ný pillu svæfir reykingapörfina.“ 6:64-67
- **Grein úr dagblaði**
Guðsteinn Bjarnason. 2010. „Sjónir manna beinast að Nevada.“ *Fréttablaðið*, 2. nóvember.
- **Skýrsla**
Aðalnámskrá Grunnskóla. Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- **Bæklingur**
Örorkulífeyrir. 1994. Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.
- **Glósur úr kennslustund**
Martha Ólína Jensdóttir. 2010. Glósur úr kennslustund í samfélagsfræði í 10. þekk, 11. nóvember. Heiðarskóli Reykjanæsbæ. Glósur: Jón Jónsson
- **Útvarp / sjónvarp / myndband**
Guðni Már Henningsson. 2010. *Auglit*. Ríkisútvarpið, Rás 2. 1. desember.
- **Biblían**
Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið og nýja testamentið. 1981. Hið íslenska biblíufélag, Reykjavík.

Áreiðanleiki heimilda

Það er engin trygging fyrir því að allt sé satt og rétt sem birtist á netinu.

Til dæmis skal aldrei nota efni sem tekið er af persónulegri bloggsíðu, facebook eða öðrum samskiptamiðli og upplýsingar á Wikipedia geta verið varasamar. Auk þess geta upplýsingar í gömlum bókum verið úreldar. Ef þú ert í vafa um áreiðanleika heimilda skaltu alltaf leita ráða hjá kennara.

Frágangur ritgerða

- Heimildaritgerðir eiga að vera vandaðar, bæði í uppsetningu og frágangi.
- Í Heiðarskóla notum við letrið Times New Roman eða Arial, leturstærð 12 punktar og línubil 1,5.

Námsmat

Þegar þið eruð búin með ritgerðina eru nokkur atriði sem þið þurfið að fara yfir áður en henni er skilað.

Gott er að nota sjálfsmatsblað sem þú getur nálgast á vef Heiðarskóla.

Helstu þættirnir sem kennarinn skoðar eru:

- Frágangur
- Er farið eftir fyrirmælum?
- Innihald
- Stafsetning og greinamerki
- Málfar og málnotkun
- Meðferð heimilda
- Skráning heimilda

Sjálfsmat

Lestu vel yfir þessar spurningar og svaraðu þeim. Ef svörin þín gefa til kynna að ritgerðin sé ekki nógu vel unnin skaltu lagfæra það sem við á.

Atriðalisti	JA	NEI	VEIT EKKI
1. Eru upphafsorðin í lagi og vekja áhuga lesenda?			
2. Er meginmálið líklegt til að vekja áhuga lesenda?			
3. Er byggingin í lagi (upphaf-miðja-endir)?			
4. Er orðalag og stafsetning í lagi?			
5. Eru greinaskil?			
6. Notarðu sömu orðin aftur og aftur?			
7. Er mikið um upptalningar í textanum? (og svo, síðan, þegar...)			
8. Er samhengið í lagi? Eitt leiðir af öðru.			
9. Er textinn þægilegur aflestrar?			
10. Vekur fyrirsögnin áhuga?			
11. Eru málsgreinar hæfilega langar?			
12. Er einhverju ofaukið?			
13. Eru lokaorðin skýr og áhugaverð			
14. Er heimildaskráin rétt uppsett?			